

Borgarráð

Miðborgarleikskóli og fjölskyldumiðstöð við Njálsgötu – Brúum bilið.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna nýs leikskóla og fjölskyldumiðstöðvar við Njálsgötu 89.

Kostnaðaráætlun 2 er 1.560 m.kr.

Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í júní 2022 og að uppbyggingu skólans og frágangi lóðar ljúki fyrir árslok 2023.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 2. apríl 2020 að efna til opinnar hönnunarsamkeppni um byggingu á leikskóla og fjölskyldumiðstöð að Njálsgötu 89. Niðurstaða samkeppninnar var kunngerð í desember 2020. Alls bárust í samkeppninni 29 tillögur. Samkeppnin var framkvæmdasamkeppni um heildarlausn mannvirkisins í samræði við keppnislýsingu og forsögn. Dómnefnd valdi til 1. verðlauna tillögu Basalt arkitekta ásamt Landslagi og Örugg verkfræðistofu.

Í verkefninu felst bygging nýs 1.465 m² leikskóla og fjölskyldumiðstöðvar á þrem hæðum auk kjallara. Fyrstu tvær hæðir eru fyrir almennt leikskólastarf en á þriðju hæð er fjölskyldumiðstöð/opinn leikskóli. Námssvæði barnanna er á sameiginlegu svæði. Heimastofur og matsalur opnast inn á sameiginlega svæðið og er þaðan góð tenging við útisvæði. Hönnun er samkvæmt hugmyndafræði algildrar hönnunar þ.e. hönnun fyrir alla/aðgengi fyrir alla. Byggingin mun uppfylla alþjóðlega umhverfsvottun, BREEAM Excellent. Í byggingunni verða 116 hefðbundin leikskólapláss auk 20 pláss í opnum leikskóla / fjölskyldumiðstöð þar sem gert er ráð fyrir að foreldrar séu með börnum sínum og beri ábyrgð á þeim þann tíma sem þau eru í heimsókn. Fjölskyldumiðstöðin verður starfrækt alla virka daga frá 8-16 einnig verður hún starfrækt utan hefðbundins opnunartíma leikskólans þ.e. á kvöldin og um helgar fyrir þá hópa sem vilja og geta nýtt sér húsnæðið fyrir t.d. námskeið og fundi. Ef breyting verður á starfsemi fjölskyldumiðstöðvar á að vera hægt að breyta rými hennar svo hefðbundin leikskólastarfsemi geti farið þar fram.

Kostnaðarstaður: 1106

Kostnaðaráætlun 2: 1.560 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald


Hjálagt:
Kynning








Grannmynd 1. hæðar






Grunnmynd 2. hæðar





Grunnmynd 3. hæðar








Kostnaður og verktími

- Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 1.560 mkr. Byggingin mun uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um vistvæn mannvirki í Grænum ramma Reykjavíkurborgar og fellur fjárfestingin því undir fjármögnun með grænum skuldabréfum.
- Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í júní 2022 og að uppbyggingu skólans og frágangi lóðar ljúki fyrir árslok 2023.



Markmið og stefna

- Framkvæmdin er hluti af „Brúum bilið“ verkefnum borgarinnar sem ætlað er að tryggja börnum frá 12 mánaða aldri aðgang að leikskóla.
- Framkvæmdin styður við stefnu Reykjavíkurborgar um vistvæn mannvirki.





Reykjavík